

Jafnréttisstefna Andabæjar

Markmið: Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í Andabæ.
Jafnréttisstefnan nær til námskrár leikskólans, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis.
2. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.
3. Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur.

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk

Börn og nám þeirra í Andabæ skal

- mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á,
- stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja,
- stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum,
- unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur,
- leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk,
- leitast við að tala ókynbundið til barnanna, nota heldur orðið börn eða krakkar en stúlkur og drengir. Varast ber að nota hugtök sem upphelja eða niðurlægja annað kynið,
- stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna,
- þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum.

Foreldrar í Andabæ skulu

- gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði fedra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki,
- hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi bæði fedur og mæður.

Starfsmenn í Andabæ skulu:

- Hringja jafnt í móður sem föður ef eitthvað er að,
- beina upplýsingum til beggja foreldra,
- stuðlað að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin,
- gera auglýsingar eftir starfsfólki ókyndbundnar,
- fara fram á að fedur jafnt og mæður taka á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna,
- vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreysi,
- temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja,
- stuðla að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.

Janúar 2018